

60. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni,

haldinn í Stofu íslenskra fræða, föstudaginn 19. júní, 2009, kl. 10.00

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson, Edda Antonsdóttir, Margeir Ingólfsson, Herdís Magnúsdóttir, fltr. nemenda, Halldór Páll Halldórsson, Páll M. Skúlason og Sigurjón Mýrdal, fltr. kennara.

Sigurður Ingi Jóhannsson, Unnur Brá Konráðsdóttir og Þóra Húgósóttir voru forfölluð.

Fundarefni

1. Aðsókn og nemendatölur
2. Umsóknir um auglýstar stöður
3. Horfur í fjárlögum / niðurskurðarspár.
4. Önnur mál

Formaður setti fund, bauð fundarmenn velkomna og síðan var gengið til dagskrár.

1. Aðsókn og nemendatölur.

Páll dreifði blaði með upplýsingum um áætlaðan nemendafjölda á næsta skólaári. (fskj. 1) Hann fylgdi því síðan úr hlaði. Hjá honum kom m.a. fram, að umsóknir nýnema þessu sinni eru 57, sem er lítilsháttar fækkun frá síðasta ári (62).

Fáar umsóknir bárust um nám á málabraut í 1. bekk og verður því boðið nám á tveim námsbrautum næsta vetur – félagsfræða- og náttúrufræðabraut.

Samþykktar hafa verið 23 umsóknir nýnema á náttúrufræðabraut og 21 á félagsfræðabraut.

Hluttur Sunnlendinga í umsóknum er 78%, sem er það sama og á síðasta ári.

Nokkuð var rætt undir þessum lið um horfur í ljósi stöðu þjóðmála.

2. Umsóknir um auglýstar stöður

Skólameistari hafði framsögu um þennan lið. Hann dreifði blaði með upplýsingum um umsækjendur um tvær hálfar stöður (fskj. 2): íslensku og frönsku, sem er afleysing í eitt ár.

4 sóttu um stöðu íslenskukennara. Skólameistari leggur til að Aðalbjörg Bragadóttir verði ráðin.

2 sóttu um stöðu frönskukennara. Skólameistari leggur til að Ingeborg Gertrud Breitfeld verði ráðin.

Tillögur skólameistara voru staðfestar.

3. Horfur í fjárlögum / niðurskurðarspár.

Undir þessum lið var ýmislegt rætt, en ekki liggja fyrir miklar upplýsingar enn um hvað verður.

4. Önnur mál.

a) Þrif á herbergjum

Skólameistari fjallaði um kostnað við þrif á herbergjum að vori, áður en hótél tekur við húsnæðinu. Kostnaður við þrifin eru um kr 900.000 á hverju vori.

Samþykkt var að hækka leigu á herbergjum um 10% til að koma til móts við þennan kostnað, en jafnframt að gjald vegna mötuneytis verði óbreytt.

Talið er nauðsynlegt að skilgreina hvað er innifalið í herbergisleigu, t.d. þvottahúsgjald og þrifagjald.

b) Héraðsskólahúsið.

Skólameistari fjallaði um óvissu um stöðu framkvæmda við húsið og framtíðarnýtingu þess.

Skólanefnd er sammála um að mikilvægt sé að eyða þeirri óvissu, sem er til staðar um framtíð Héraðsskólahússins.

c) Framkvæmdir við ML framundan

Skólameistari fór yfir ýmislegt í því sambandi.

d) Stefnumótun – vinna stýrihóps framundan

Skólam. fjallaði um starf stýrihópsins – hver staða þess er og hvað er helst framundan. Stefnt er að á haustfundi nefndarinnar verði starf stýrihóps kynnt enn frekar.

e) Foreldraráð stofnað í haust – áheyrnarfulltrúi í skólanefnd.

Skólam. greindi frá fyrirhugaðri stofnun foreldraráðs í haust, en fulltrúi ráðsins mun eiga seturétt á skólanefndarfundum.

Fundi slitið kl. 11.20

Eftir fund gekk fundarfólk um sali í Héraðsskólahúsinu og þáði loks hádegisverð.

Fundargerð ritaði Páll M. Skúlason